

Mánudaginn 29. apr. 1878.

Nr. 35/1877: Fyrrum háyfirdómari Þ. Jónassen,
háyfirdómari Jón Pjetursson og
yfirdómari Magnús Stephensen
gegn
sýslumanni Benedikt Sveinssyni.

Úrskurður:

Í máli þessu hefur málsfærslumaður áfrýjendanna hafið mótmæli gegn því, að cand. juris Kristján Jónsson mæti fyrir hinn stefnda fyrir yfirdóminum, með því hann sje í þjónustu annars af meðdómendunum, landfógeta Á. Thorsteinsons, og sje þannig alveg eins ástatt fyrir honum og fyrir málaflutningsmanni G. Pálsyni, er hafi álitid sjer skylt að afsala sjer umboði sínu af hendi hins stefnda fyrir þá sök, að hann er fulltrúi (Fuldmægtig) hins meðdómandans, bæjarfógeta og sýslumanns Sveinbjörnssons. Enn fremur hefur hann, ef yfirrjetturinn ekki skyldi geta aðhyllzt þessa skoðun sína, mótmælt því, að talsmanni hins stefnda verði veittur svo langur frestur, sem hann hefur um beðið, til að koma fram með vörn í málinu, en það eru 8 vikur. Báðir málaflutningsmennirnir hafa lagt þessi ágreiningsatriði undir úrskurð rjettarins, en talsmaður stefnda til vara beðið um hæfilegan frest til að svara í málinu.

Með því það er kunnugt, að cand. juris Kristján Jónsson ekki hefur á hendi nein störf fyrir landfógeta Thorsteinsson snertandi dómara og dómsmála-skrifara embætti það, sem honum um stundar sakir er falið á hendur að gegna við landsyfirrjettinn (sbr. tilskip. 8. jan. 1802, 1. gr.) nje heldur er fulltrúi hans, heldur einungis starfar fyrir hann, sem umboðslegan ombættismann, að endurskoðun reikninga, þá getur

rjetturinn ekki aðhyllt mótmæli þau, er fram hafa komið gegn því, að hann haldi upp vörn fyrir hinn stefnda.

Að því er snertir hinn um beðna 8 vikna frest, getur rjetturinn ekki álitid, að málsfærslumanni hins stefnda sje nauðsynlegt að fá svo langan frest til andsvara, með því hann hefur verið löggiltur til að flytja málið samkvæmt tilskip. 11. júlí 1800 22. gr. eptir að annar málaflutningsmaður, er stefndi hafði beðið að halda uppi vörn í málinu, áleit sig ekki geta það, og það hlýtur að vera honum innanhandar að útvega sjer hjá þessum málaflutningsmanni allar þær skýrslur, er stefndi kynni að hafa látið honum í tje til að koma fram með þær í málinu. Og þar eð það eigi heldur með öðrum rökum hefur verið gjört sennilegt, að hinn um getni frestur sje nauðsynlegur, þá getur rjetturinn ekki gagnvart mótmælum málsfærslumanns áfrýjendanna veitt málsfærslumanni hins stefnda þenna frest, heldur samkvæmt varakröfu hans að eins 14 daga frest til að koma fram með vörn í málinu.

Því úrskurðast:

Mótmæli málsfærslumanns áfrýjendanna gegn því að cand. juris Kristján Jónsson haldi uppi svörum fyrir hinn stefnda í máli þessu, verða ekki tekin til greina. Málsfærslumanni stefnda veitist 14 daga frestur til andsvara í málinu.

Mánudaginn 13. maímán. 1878.

Nr. 36/1877: Jón Jónsson Breiðfjörð og
Ásbjörn Ólafsson
gegn

Jóni Oddssyni og Guðmundi Hannessyni.

Úrskurður:

Með því áfrýjandi þessa máls, sem hefur beðið um